

# Annar fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 15. febrúar 2018 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Gestastofa – breytingar á Breiðabliki. Ragnhildur Sigurðardóttir mætti á fundinn undir þessum lið. Oddviti fór yfir tilboð frá tveimur aðilum og samþykkt var að veita oddvita heimild til að ganga til samninga við Gólflagnir ehf vegna Steinteppis í kaffistofuna. Oddvita falið að skoða betur salernismálin fram að næsta fundi. Ragnhildur fór af fundi.
2. Málefni Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps.  
Lagt fram minnisblað frá Lex lögmannsstofu um málefni Hitaveitunnar og samninga henni tengda.

Bókun 1. Lögð fram af hreppsnefnd.

Eins og fram kemur í álitum LEX þá er ekki hægt að sjá að í samningurinn frá 2013 sé neitt sem stangast á við lög eins og haldið hefur verið fram. Með honum var Miðhrauni ehf gefið leyfi til að bora eftir heitu vatni í landi Eiðhúsa en ekki um framsal af hálfu hreppsins á réttindum að ræða. Jafnframt kemur fram í álitinu að samkvæmt samningnum, ef vatn finnst við boranir, skuli Miðhraun ehf tryggja HEM vatn. Það verður ekki túlkað með öðrum hætti en að í samningnum felist leyfi til dælingar finnst vatn. Það er því þegar búið að veita slíkt leyfi. Það sem snýr að HEM er hins vegar spurningin hvort leyft verður að dæla í tank félagsins eða ekki. Ef ekki þá ber HEM ábyrgð á því ef HEM verður vatnslaut en ef HEM veitir leyfi fyrir dælingu í tank ber Eiðhús ehf alfarið ábyrgð á því að HEM fái vatn.

Bókun 2.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að óska eftir viðræðum við stjórn HEM um framtíð félagsins með það fyrir augum að tryggja inneign sveitarfélagsins sem best eða HEM greiði sveitarfélaginu inneignina og hlutfé sveitarfélagsins í HEM eins og fram kemur í samningnum frá 2004

3. Kröfur ríkisins í þjóðlendur í sveitarfélaginu. Ríkið hefur líst kröfum sínum um þjóðlendur fyrir óbyggðanefnd og hefur oddviti þegar sett málið í farveg.

Lagt fram til kynningar.

4. Fundargerð framkvæmdaráðs Snæfellsnes.
5. 135 fundur stjórnar SSV
6. 856 fundargerð stjórnar sambandsins
7. Fundargerð skólanefndar frá 8.2.2018
8. Fundargerð skólanefndar frá 20.4.2017

9. Staðgreiðsluuppgjör vegna 2017

10. Opinber útgáfa fundargerð 174. Fundar félagsm Snæfellinga

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir ( sign )

Halldór Jónsson ( sign )

Gísli Guðmundsson ( sign )

Atli Sveinn Svansson ( sign )

Eggert Kjartansson ( sign )